

Skýrsla hverfisnefndar Síðuhverfis fyrir starfsárið 2006 til 2007

flutt á aðalfundi 27. maí 2007

Góðir gestir

Hverfisnefnd Síðuhverfis var stofnuð 10. júní 2004 og er því að ljúka þriðja starfsári sínu um þessar mundir. Á síðasta aðalfundi nefndarinnar voru kosin í stjórn Arne Vagn Olsen, formaður, Aðalheiður Bragadóttir, ritari, Elías Wium Guðmundsson, Gunnar Þór Gunnarsson og Hulda Sif Hermannsdóttir meðstjórnendur og til vara Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðný Björk Jónsdóttir og Svala Árnadóttir.

Nefndin hefur haldið átta fundi frá síðasta hausti auk framhaldsaðalfundar sem haldinn var í september s.l. Þeirri vinnureglu að boða aðal- og varamenn á fundi hefur við viðhaldið.

Þó nokkur mál hafa sett svip sinn á starf nefndarinnar í vetur. Fyrst ber að nefna byggingu fjölbýlishúsa við Kjalarsíðu eitt, þar sem Síðubúð er nú til húsa. Á framhaldsaðalfundi hverfisnefndar Síðuhverfis síðasta haust var m.a. samþykkt ályktun þar sem eindregið var lagst gegn byggingu fjölbýlishúss á lóðinni m.a. vegna stóraukinnar umferðar um hverfið og ósamræmis við núverandi byggð.

Að auki stóðu íbúar í hverfinu fyrir söfnun undirskrifta þar sem um átta hundruð manns mótmæltu fyrirhugaðri byggingu. Hverfisnefndin lét sitt ekki eftir liggja og ritaði bréf til Akureyrarbæjar þar sem fyrirhugaðri byggingu var mótmælt. Allt kom fyrir ekki því deiliskipulag með fjölbýlishúsunum hefur verið samþykkt og allar líkur á því að framkvæmdir hefjist strax í sumar og að lokið verði við annað húsið um áramót.

Annað mál sem kom til kasta nefndarinnar fljótlega eftir að hún tók til starfa í haust varðaði leikvöllinn við Bugðusíðu, sem einnig er nefndur Rauði róló í daglegu tali. Dagmæður lýstu þungum áhyggjum af skemmdarverkum á leikvellingum auk þess sem tól til fíkniefnaneyslu höfðu margoft fundist innan um leiktæki. Hverfisnefndin mælti sér mót við formann félags dagmæðra á Akureyri á leikvellingum þar sem aðstæður voru kannaðar. Í framhaldinu ákvað hverfisnefndin að rita bréf til Akureyrarbæjar þar sem óskað var eftir aukinni lýsingu á leikvellingum í því skyni að minnka óæskilega umferð um hann, auk þess sem slíkt myndi

lengja þann tíma sem dagmæður gætu notað völlinn. Erindið fékk góðan hljómgrunn og samþykkti Akureyrarbær að setja upp bættu lýsingu. Skv. upplýsingum frá Akureyrarbæ í liðinni viku er stutt í að lýsingin verði sett upp.

Til að auka vitund okkar um það sem brennur á íbúum í Síðuhverfi ákvað nefndin að funda með foreldrafélögum leikskóla og Síðuskóla. Fundirnir voru um margt gagnlegir og margar góðar hugmyndir skutu upp kollinum. Eitt efni var þó meira áberandi en annað, og það er umferðaröryggi. Á þó nokkrum stöðum í síðuhverfi vantar gangbrautir eða þá að núverandi gangbrautir eru ekki nægjanlega merktar. Hverfisnefndin hefur gert úttekt á þessu og ritaði í framhaldinu bréf til Akureyrarbæjar þar sem óskað var úrbóta á tilteknum svæðum. Varðandi umferðarmál almennt er þó ljóst að Síðuhverfi stefnir í að verða 30km hverfi innan 3ja ára og þá ætti umferðaröryggi að aukast til muna.

Þorralót Síðuhverfis var haldið með pompi og prakt laugardaginn 3. febrúar s.l. Blótið reyndist hin besta skemmtun en þar var m.a. fluttur annáll síðuhverfis auk þess sem farið var í leiki fyrir börn og fullorðna. Um 60 manns mættu á blótið og er það er von okkar að enn fleiri sjái sér fært að mæta á næsta þorralót, því þetta er tilvalið tækifæri til að kynnst nágrönnum í hverfinu.

Eitt af þeim málum sem er á borði nefndarinnar um þessar mundir er sparkvöllur við Síðuskóla, eða réttara sagt vöntun á slíkum. Á árinu 2004 var sparkvöllur settur upp við Oddeyrarskóla, árið 2005 bættist Brekkuskóli við og á síðasta ári voru byggðir sparkvellir við Lundarskóla og Glerárskóla. Öllu jöfnu hefði Síðuskóli átt að vera næstur í röðinni á árinu 2007 eins og skýrt kom fram í framkvæmdaáætlun Akureyrarbæjar fyrir árin 2006 til 2009.

Óhætt er að segja að nokkurrar óþreyju hafi gætt meðal íbúa eftir að fá völlinn í hverfið enda hefur reynslan af þeim annars staðar verið mjög góð. Vellirnir stuðla að aukinni hreyfingu og útiveru barna og ungmenna og eru nothæfir allan ársins hring enda með upphitað undirlag og lýsingu.

Akureyrarbær venti hins vegar kvæði sínu í kross í byrjun mars s.l. þegar bæjarráð samþykkti nýja framkvæmdaáætlun fyrir árin 2007 til 2010. Þar var hvergi að finna fjármuni eyrnamerkta sparkvelli við Síðuskóla. Eins og gefur að skilja kom þetta flatt upp á marga

enda hafði bæði fyrri hverfisnefnd svo og foreldrafélag Síðuskóla fengið vitneskju um að sparkvöllurinn yrði byggður á þessu ári.

Formaður hverfisnefndar átti ásamt fulltrúum foreldrafélags Síðuskóla fund með bærstjóra vegna málsins og þar kom m.a. fram að bærinn hefði ákveðið forgangsröðun með þessum hætti. Bærstjóri staðfesti svo skriflega að ekki yrði af framkvæmdum við sparkvöllinn á þessu ári, og að engin trygging væri fyrir framkvæmdum á því næsta.

Í framhaldi af þessu er hlýtur maður að spyrja sig; hvers eiga börnin í Síðuhverfi að gjalda? Er hægt að skilja stærsta hverfi bæjarins útundan með jafnafgerandi hætti og hér hefur verið gert og ef svo er, hver er ástæðan? Það er sök sér ef einungis hefðu risið einn eða tveir vellir en staðan er sú að fjórir af fimm grunnskólum á Akureyri hafa fengið sparkvelli og Síðuskóli situr einn eftir.

Framkvæmdir á vegum Akureyrarbæjar nema um einum milljarði króna á ári hverju þ.a. þetta snýst ekki um það hvort fjármagn sé til staðar. Til að setja hlutina í samhengi nægir að minna á, að á næstu árum mun Akureyrarbær styrkja golfíþróttina í bænum um 230 milljónir króna þ.a. 20 mkr. fyrir nýjan sparkvöll við Síðuskóla ætti ekki að vera stórmál.

Málið snýst einfaldlega um forgangsröðun og þar greinir Akureyrarbæ á við bæði hverfisnefnd Síðuhverfis og foreldrafélags Síðuskóla auk fjölda annarra íbúa í Síðuhverfi. Í huga bæjarins er sparkvöllur við Síðuskóla neðarlega á blaði, raunar það neðarlega að það er ekki gert ráð fyrir honum á næstu þremur árum þrátt fyrir að önnur hverfi bæjarins hafi fengið slíka velli.

Það hlýtur hver maður að sjá að hér þarf að gera bragarbót á. Hverfisnefndin vill nota tækifærið og skora á bæjaryfirvöld að leiðrétta þessa mismunun og sjá til þess að sparkvöllur við Síðuskóla risi nú í sumar.

Að lokum er rétt að geta þess að hverfisnefndin gaf út tvö fréttabréf í vetur eins og íbúar hafa orðið varir við. Jafnframt átti nefndin frumkvæði að því að formenn annarra hverfisnefnda hittust til að bera saman bækur sínar. Tilgangur þeirra funda var að sameina raddir nefndanna

gagnvart Akureyrarbæ í því skyni að auka vægi þeirra í bæjarkerfinu. Framundan er fundur með stjórnslunefnd Akureyrarbæjar þar sem þessi mál verða rædd.

Ég vil að lokum þakka öðrum nefndarmönnum fyrir samstarfið í vetur, það hefur verið afar ánægjulegt og ljóst að þó nokkur mál bíða næsta starfsárs. Ég vil um leið hvetja áhugasama til að bjóða sig fram til setu í nefndinni, og hjálpa þannig til við að gera Síðuhverfi að enn betra hverfi í framtíðinni.

Arne Vagn Olsen

formaður hverfisnefndar Síðuhverfis